

ÞNÞING 2026


FIMMTUDAGUR 12. MARS 2026



FINNUM SAMHLJÓMINN

Purfum ekki að vera sammála þó að við séum samstiga

Sigurður Hannesson segir aðstæður í dag kalla á að ryðja öllum heimatilbúnum hindrunum úr vegi.



Að vanda hefur tekist að velja lönþingi yfirskrift sem kristallar áskoranir liðandi stundar en þema þingsins í ár er Fönnu samhljóminn. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að á mörgum sviðum hafi óvissa tekið við af stöðugleika og að greina megi vaxandi spennu jafnt erlendis sem innanlands. „Þau ráð sem hafa gefist vel um langt skeið duga ekki lengur, heimurinn hefur breyst, aðfangakeðjur riðlast og það er mikilvægara en áður fyrir samfélag og atvinnulíf að hafa mikinn viðnámsþrótt til að geta mætt hvers kyns áföllum.“

Sigurður minnir á að átök geisi núna við Persaflóa og enn sé barist hatrammlega í Úkraínu. Þá hafa tolladeilur sett mark sitt á alþjóðahagkerfið á undanförunum misserum og hefur vírst eins og næsti skellur geti komið úr hvaða átt sem er: „Undir svona kringumstæðum þurfum við að gera allt sem í valdi okkar stendur til að ná árangri þrátt fyrir örur breytingar og miklar áskoranir,“ segir hann og bætir við að þó svo að Ísland fái litlu ráðið um heimsmálin sé margt sem hægt sé að laga heima fyrir: „Aðstæður kalla á að við séum dugleg að ryðja úr vegi öllum heimatilbúnum hindrunum, og að við tökum af festu á hárrí verðbólgu og háu vaxtastigi. Við stöndum frammi fyrir því að regluverkið er orðið of íþyngjandi á köflum sem á meðal annars þátt í að staðan er erfið í orkumálum. Svona mætti lengi telja og þessu til viðbótar þarf að efla hagsmunagæslu.“

Vantar skilning á aðstæðum Íslands

Það sem þurfi sé að finna samhljóminn: þjappa fólki saman og búa þannig um hnútana að almenningur, atvinnulíf og kjörnir fulltrúar séu samstiga og brattir og gangi rösklega til verks. Hvað hagsmunagæslu varðar eru fimm meginverkefni Sigurði efst í huga: „Í fyrsta lagi þarf að viðhalda greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum fyrir okkar helstu útflutningsvörur og þjónustu en lífskjör okkar byggjast á öflugum útflutningsgreinum,“ segir hann. „Í öðru lagi þarf að auka viðnámsþrótt samfélagsins og horfa meira til öryggis- og varnarhagsmuna okkar en í þeim efnum verðum við ekki sist að líta til Bandaríkjanna.“

Þriðja áhersluatriðið snýr að hagsmunagæslu gagnvart Evrópusambandinu, hvort sem Ísland gerist aðili að ESB eða viðheldur stöðu sinni innan EFTA og sem aðili að EES-samningnum: „Þar sýnir reynslan að þörf er á auknum skilningi á að aðstæður Íslands eru um margt sérstakar og eðlilegt að taka tillit til þess við innleiðingu regluverks,“ útskýrir Sigurður.

Gervigreind og stafrænir innviðir eru fjórða verkefnið á lista Sigurðar: „Þar verðum við að sækja tækifærin sem blasa við, og það kann hreinlega að ráða úrslitum um lífskjör í landinu til frambúðar hve vel okkur tekst upp á því sviði,“ segir hann. „Fimmta og síðasta atriðið er svo að taka til heima fyrir og ryðja úr vegi hindrunum sem standa verðmætasköpun fyrir þrifum að öþörfu.“

Ísland á erindi við uppbyggingu varnarmála

Þau atriði sem Sigurður taldi upp hér að ofan skarast víða og er til dæmis áhugavert að skoða hvernig viðnámsþróttur og varnar- og öryggismál geta fléttast saman við styrkingu útflutningsgreina og eflingu stafrænna innviða. „Samtök iðnaðarins hafa bent á að styrkja þurfi gagnatengingar Íslands við umheiminn, og það er ekki erfitt að ímynda sér hvernig sæstrengur milli Íslands og Bandaríkjanna gæti leitt til aukinna viðskipta á milli landanna með gagnkvæmum ávinningi fyrir alla hlutaðeigandi,“ nefnir Sigurður.

Sigurður bendir líka á að íslensk útflutningsfyrirtæki eigi erindi í þá uppbyggingu á varnarsviðinu sem er hafin hjá aðildarríkjum Nató. Ísland framleiðir ekki hergögn en hefur samt margt fram að færa: „Í því sambandi má horfa sérstaklega til framleiðslu sem hefur það sem kallað er „tvíþætt notagildi“, og nýttist bæði í borgaralegum tilgangi og til að bæta öryggi og varnir,“ segir hann. „Íslensk fyrirtæki hafa til dæmis þróað ómannaða kaðbata sem geta komið í góðar þarfar víða. Breyttir þejpar henta ekki bara til ferða upp á íslenska hálendið heldur geta líka verið hentug farartæki í ýmsum hernaðarverkefnum. Er þá eftir að nefna lækninga- og stoðtækjavörur frá fyrirtækjum á borð við Kerecis og Emblu Medical.“



Ljósmynd/BIG

„Það er víða í stjórnkerfi Evrópu sem við eigum möguleika á að taka virkari þátt,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. SI hefur stóreflt tengsl við helstu hagaðila.

Kvaðir frá ESB sem koma á óvart

Þörfin fyrir bættu hagsmunagæslu gagnvart ESB kallar líka á nánari skoðun en undanfarin misseri hefur mikil umræða farið fram um reglur og kvaðir sem virðast íþyngja Íslandi langt umfram það sem eðlilegt gæti talist, og virðist stundum eins og reglurnar hafi komið stjórnvöldum í opna skjöldu. Til viðbótar þessu er regluverk ósjaldan gullhúðað þannig að bætt er í kröfurnar við innleiðingu regluverks hér á landi.

„Málið er að við þurfum að vera miklu fyrr á ferðinni í hagsmunagæslunni og fylgjast betur með. Það snýr ekki bara að stjórnvöldum heldur líka að atvinnulífinu, og við þurfum að finna samhljóminn og verja hagsmunum Íslands í sameiningu.“

Sigurður segir stjórnvöld alls ekki hafa staðið hjá aðgerðalaus og segir hann lofsvert hvernig brugðist var við á dögunum þegar ESB lagði verndartolla á kísiljárn. Þar tókst að hnika ákvörðun Evrópusambandsins til og forða íslensku atvinnulífi frá enn meira tjóni.

En er Sigurður að leggja það til að koma upp stóru teymi hagsmunavarda í Brussel? Hann svarar því neitandi þó að sú hugmynd verðskuldi skoðun, og

segir að setja mætti kostnaðinn af slíkum viðbótar-mannskap í samhengi við þann kostnað sem atvinnulífið sér fram á að bera af ýmsum íþyngjandi reglum sem hefði ef til vill verið hægt að milda, sveigja og aðlaga. „Það er víða í stjórnkerfi Evrópu sem við eigum möguleika á að taka virkari þátt og hafa til dæmis Samtök iðnaðarins lagt sig fram við að senda inn umsagnir varðandi mál sem ESB er með á sínu borði. Því til viðbótar hafa starfsmenn SI byggt upp mikla þekkingu á þessu sviði auk þess að stórefla tengsl við helstu hagaðila. SI eiga fulltrúa í ráðgjafarnefndum EFTA og EES og hefur sá vettvangur nýst mjög vel í hagsmunagæslunni.“

Sem heild að settu marki

Loks segir Sigurður að miklu skipti að allir hagaðilar innanlands standi saman sem ein heild. „Samhljómur snýst ekki um það að allir verði að vera sammála, en við þurfum að vera samstiga þegar kemur að framfarumálum sem varða hagsmunum okkar allra. Það höfum við svo sannarlega gert áður í sögu landsins, og núna þurfum við enn á ný að þetta raðirnar, forgangsraða og sjá hvernig við getum tekið höndum saman um framfarir á þeim sviðum sem mestu varða.“





Uppbygging til allra átta

Með frelsi til athafna, hagnýtingu á auðlindum náttúrunnar,
nýsköpun og eljusemi stuðla Vestfirðingar að öflugum
efnahagslegum vexti til hagsbóta fyrir okkur öll.

kerec**is**



Ljósmynd/BIG

„Forræðishyggjan jókst til muna eftir hrun. Vissulega þurfti að laga ýmsa veikleika, eins og t.d. í regluverki fjármálakerfisins, en í mörgum tilvikum var gengið of langt,“ segir Þorsteinn.

Rekstrarumhverfi venjulegra fyrirtækja er orðið mun flóknara

Að mati Þorsteins Víglundssonar er einföldun regluverksins eitt mikilvægasta verkefnið í dag.

Þorsteinn Víglundsson var kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins á Íðnþingi á dögunum en hann er einnig forstjóri eignarhaldsfélagsins Hornsteins, móðurfélags BM Vallár og Björgunar-Sements.

Þorsteinn segir að á þeim óvissu- og átakatímum sem við upplifum í dag verði Íslendingar að horfa til þess hvað þeir ráði sjálfir við að laga. „Nú liggur á að renna sterkari stoðum undir íslenskt atvinnulíf og margt má gera til að bæta rekstrarumhverfið en þar er eitt besta og skilvirkasta verkfærið að einfalda regluverkið,“ segir hann.

Íðnþingið var haldið undir yfirskriftinni „Finnun samhljóminn“, en um þörfina fyrir samhljóm segir Þorsteinn að tímabært sé að ólíkar fylkingar rétti fram höndina yfir átakalínurnar. „Við höfum séð það gerast í stjórnmálunum og á alþjóðavettvangi að sundrung hefur aukist á undanförunum tveimur áratugum eða svo. Kannski eiga samfélagsmiðlarnir og algrímið þátt í þessu en gjáin á milli pólitískra sjónarmiða virðist bara verða breiðari og breiðari.“

Þorsteinn segir að þrátt fyrir hvers kyns ágreining hljóti allir að geta verið sammála um að góð líf skjör byggji á öflugri verðmætasköpun og til mikils sé að vinna að halda í hið norræna hagsældarlíkan þar sem saman fara öflugt velferðarkerfi og gott viðskiptaumhverfi. „Við þurfum að finna samhljóm á sem flestum sviðum, leita sameiginlegra lausna á breiðum grunni og ráðast þannig til atlögu við þau vandamál sem helst eru fyrirtækjunum og almenningi fjötur um fót.“

Flækjustigið eykst og eykst

Þorsteinn segir það vera eina af stærstu áskorunum íslensks atvinnulífs að einfalda regluverkið:

„Bara á undanförunum aldarfjórðungi hefur lagasafnið tvöfaldast að lengd í orðum talið og eru reglugerðirnar þá ekki taldar með, og allar þær gerðir frá Evrópusambandinu sem liggja til grundvallar,“ segir hann. „Á skömmum tíma hefur rekstrarumhverfi venjulegra fyrirtækja orðið mun flóknara og sést það til dæmis vel á skipulagsmálum og í innviðaframkvæmdum: Ég man til dæmis að þegar verið var að hefja byggingu nýs hverfis í Norðlingaholti liðu tvö ár frá því að skipulagsferli fór í gang þar til framkvæmdir hófust í hverfinu, en uppbygging Ártúns-

höfðans sem nú er að hefjast hefur verið í undirbúningi í hartnær tvo áratugi. Við hönnuðum og byggðum Kárahnjúkavirkjun á næstum átta árum, og var það stærsta framkvæmd Íslands-sögunnar, en í dag er það margra ára barátta að vilja koma Hvammsvirkjun af stað og samt liggur það fyrir í rammaáætlun að sú virkjun er hagkvæmur og skynsamlegur valkostur.“

Rammaáætlun á ekki lengur við

Spurður hvar rót vandans sé að finna segir Þorsteinn að flækjustigið í dag megi bæði skrifa á áhrif frá Evrópusambandinu og einnig viðhorfsbreytingu sem varð hjá löggjafanum í kjölfar bankahrunsins. „Forræðishyggjan jókst til muna eftir hrun. Vissulega þurfti að laga ýmsa veikleika, eins og til dæmis í regluverki fjármálakerfisins, en í mörgum tilvikum var gengið of langt, og útkoman er að fjármálageirinn er rigbundinn í alls kyns höft og lagður á hann mikill kostnaður.“

Önnur vandamál má rekja lengra aftur í tímann og nefnir Þorsteinn sem dæmi rammaáætlun í orkumálum. „Mín skoðun er að rammaáætlun sé barns sins tíma og nokkuð sem ætti að henda á haugana. Það má einfalda virkjunarferlið til muna og að bæta rammaáætlun við býr bara til enn eina víglínuna þar sem rífast má um hverja einustu virkjun.“

Hvað samevrópskar reglur snertir bendir Þorsteinn á að þegar hafi mikil vitundarvakning orðið um skaðsemi svokallaðrar gullhúðunar við innleiðingu evrópskra viðmiða í íslensk lög. „Stór hluti af Evrópuregluverkinu er hugsaður fyrir evrópsk stórfyrirtæki en íslensk félög teljast upp til hópa meðalstór og jafnvel lítil á evrópskan mælikvarða. Í reglunum frá ESB er jafnan að finna undanþágur, svo sem varðandi stærð þeirra fyrirtækja sem reglurnar ná til, og það er of algengt að við vanrækjum að nýta þessar undanþágur,“ segir Þorsteinn og bætir við að enn sé það raunin að í um 50% tilvika sé Evrópuregluverk gullhúðað við innleiðingu á Íslandi. „Það gerist þrátt fyrir að sú skylda hvíli á ráðuneytunum að flagga því gagnvart löggjafanum þegar gengið er lengra en nauðsynlegt er við innleiðingu.“



Bara á undanförunum aldarfjórðungi hefur lagasafnið tvöfaldast í lengd í orðum talið og eru reglugerðirnar þá ekki taldar með.

Kerfi með bæði belti og axlabönd

Vandinn er fjarri því ófyrstíganlegur og tiltekur Þorsteinn að leita megi aðstoðar utanaðkomandi aðila á borð við OECD sem bjóði upp á leiðir til að kortleggja svona vandamál og hjálpa ríkjum við að greiða úr flækjunum í regluverkinu. „En þetta er líka áskorun sem krefst pólitískrar forystu. Það verða alltaf á endanum hinir pólitískt kjörnu leiðtogar sem verða að leggja línurnar, og við getum ekki búist við því að embættismannastéttin taki upp á því að hafa frumkvæðið að því að létta regluverkið.“

Þorsteinn segir að þvert á móti sé það tilhneigingin hjá stjórnsýslunni að vilja hafa regluverkið þannig skrifað að líkja megi við þrjú belti og fimm axlabönd, og lágmarka þannig áhættuna á hvers kyns neikvæðum og óvæntum afleiðingum. „Og það er hlutverk kjörinna fulltrúa að draga mörkin og gefa fyrirmæli um hvaða áhætta er ásættanleg. Það má alltaf ganga lengra og lengra í regluverkinu til að draga úr áhættu, en á einhverjum punkti fer ávinningurinn að vera minni en tjónið af of íþyngjandi regluverki fyrir verðmætasköpun og fyrirtækjarekstur.“

Getur ákvarðanatakan verið sjálfkrafa?

Af mörgu er að taka og nefnir Þorsteinn sem dæmi hvernig stjórnsýsla og löggjafi þurfa að gaumgæfa hvaða reglur og viðmið gilda um ákvarðanatöku og tímafresti, til dæmis á húsbyggingamarkaði. „Það er umhugsunarvert að við erum með jafnflókið ákvörðunarferli þegar byggja þarf bílskúr og þegar til stendur að reisa grunnskóla, og hefði maður haldið að voðinn væri ekki vis þó að smæstu mannvirkin væru ekki háð sömu ferlum og reglum og þau stærstu. Raunar er þess vert að spyrja, í ljósi tækni framfara, hvort ákvarðanatakan fyrir hönd hins opinbera geti ekki verið nánast sjálfkrafa.“

Eitt er svo að fjarlægja stóru flöskuhálsana og annað að ráðast til atlögu við öll litlu vandamálín: „Læknar hafa vakið máls á því að ár hvert þurfa þeir að gefa út um 50.000 veikindavottorð sem eru í raun alveg gagnslaus. Þetta er pappír sem kerfið er að biðja um en segir okkur ekki neitt, og yfirleitt hefur læknirinn ekki hitt sjúklinginn sem hann skrifar upp á vottorðið fyrir.“

Gott dæmi um einföldun ferla og rétta nýtingu á tækinnni blasir við þegar kemur að því að skila inn skattframtali. Þorsteinn segir að sú breyting sem þar hafi orðið sé til algjörrar fyrirmyndar: „Hér áður fyrr var fólk heillengi að böggla skattframtalinu saman og það kallaði á mikla yfirferð og endalausar stikkprufur hjá skattinum sjálfum. Í dag á það við um flesta að gögnin færast sjálfvirktt yfir á skattframtalið og tekur varla fimm mínútur fyrir hinn dæmigerða launþega að renna yfir framtalið og skila því inn.“

Samkeppnishæfni iðnaðar á Íslandi stendur höllum fæti

Kallar eftir heildarendur-skoðun á rekstrarumhverfi iðnaðar til að tryggja atvinnu-uppbyggingu um land allt.

Áð sögn Álfheiðar Ágústsdóttur, forstjóra Elkem Ísland, hefur samkeppnishæfni íslensks iðnaðar veikst á síðustu árum og er nauðsynlegt að taka rekstrarumhverfið til heildstæðrar endurskoðunar ef tryggja á áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs um land allt. Hún tók þátt í pallborðsumræðum á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins þar sem fjallað var um mikilvægi atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Hún stóð á sviðinu ásamt Vilhjálmí Birgissyni, formanni Verkalyðsfélags Akraness, í pallborðsumræðum þar sem rætt var um áhrif stórra atvinnufyrirtækja á samfélög utan höfuðborgarsvæðisins.

Verða kjarninn í byggðinni

Álfheiður segir að í umræðunni hafi verið lögð áhersla á mikilvægi atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni og þau áhrif sem slík starfsemi hefur á samfélagin. „Við töluðum um mikilvægi þess að byggja upp fyrirtæki á landsbyggðinni og hvað þau skilja eftir sig í samfélögunum,“ segir hún og bendir á að áhrifin nái langt út fyrir bein störf í verksmiðjum. „Þegar svona starfsemi fer af stað hefur hún mjög víðtæk áhrif. Það skapast bæði bein störf og afleidd störf í kringum starfsemina og hún verður í raun kjarninn í byggðinni.“ Sem dæmi nefnir hún Akranes og nágrenni þar sem stór iðnfyrirtæki hafa haft mikil áhrif á atvinnulíf og samfélag. „Fólk sem býr á Akranesi hefur yfirleitt einhvers konar tengsl við annaðhvort Elkem eða Norðurál, með einum eða öðrum hætti,“ segir Álfheiður.



Ljósmynd/BIG

Á Iðnþingi sagði Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem Ísland, mjög nauðsynlegt að taka rekstrarumhverfi íslensks iðnaðar sem fyrst til heildstæðrar endurskoðunar.

„Í öðrum löndum er verið að endurgreiða hluta af þessum kostnaði en það er ekki gert hér á Íslandi.“

Rannsóknir sýna að áhrif atvinnustarfsemi af þessu tagi geta verið margföld. „Fyrir hvert starf í verksmiðju má oft áætla að þrjú afleidd störf skapist í kringum hana. Þannig geta hundruð manns haft lífsviðurværi sitt af starfsemi eins fyrirtækis,“ segir hún og ítrekar að ef slík fyrirtæki hyrfu hefði það víðtæk áhrif á samfélögin. „Það myndi hafa mjög afdrifarík áhrif á sveitarfélagið í heild, bæði á tekjustofna þess og þjónustu við íbúa.“

Þarf skýra stefnu um samkeppnishæfni

Álfheiður segir að rekstrarumhverfi iðnaðar á Íslandi hafi versnað smám saman á undanförnum árum og að samkeppnisstaðan gagnvart öðrum löndum sé orðin erfið. „Samkeppnishæfnin er í raun brostin hjá mörgum fyrirtækjum. Þetta hefur gerst hægt og hljótt á síðustu 10-15 árum, en staðan er orðin mjög stíf núna.“ Að hennar mati liggja ástæðurnar í mörgum þáttum samtímis, meðal annars raforkukostnaði, flutningskostnaði og regluverki. Þá hafi önnur Evrópulönd byggt upp stuðningskerfi fyrir iðnað sinn vegna kostnaðar sem tengist losunarheimildum, svokallað ETS-kerfi. „Í öðrum löndum er verið að endurgreiða hluta af þessum kostnaði en það er ekki gert hér á Íslandi. Þegar allt er tekið saman standa fyrirtæki hér því verr að vígi þegar þau keppa á Evrópumarkaði.“ Álfheiður segir nauðsynlegt að horfa á málið í heild sinni og móta skýra stefnu um framtíð iðnaðar í landinu. „Þetta snýst í grunninn um stefnumörkun stjórnvalda. Það þarf að horfa á orkuverð, flutningskostnað og skattlagningu í samhengi og ákveða hvernig við ætlum að tryggja samkeppnishæfni iðnaðar á Íslandi.“ Að hennar mati skiptir það miklu máli fyrir íslenskt samfélag að vel takist til. „Ef okkur tekst að skapa samkeppnishæft umhverfi geta fyrirtæki blómstrað hér áfram og jafnvel laðað til sín nýjar fjárfestingar.“

Regluverkið orðið flókið og umfangsmikið

Reglur hannaðar fyrir 450 milljóna manna markað geta reynst þungar fyrir lítið hagkerfi.

Iðnþing Samtaka iðnaðarins, sem bar yfirskriftina *Finnur samhljóminn*, fór fram í Silfurbergi í Hörpu fimmtudaginn 5. mars síðastliðinn. Þar var meðal annars fjallað um þróun íþyngjandi regluverks fyrir atvinnulífið. Inga Helga Halldórudóttir, yfirlögfræðingur hjá fjarskiptainnviðafyrirtækinu Mílu, tók þátt í pallborðsumræðum um málið. Í samtali við Morgunblaðið segir hún að gríðarleg fjölgun laga og reglna undanfarin ár hafi gert lagaumhverfi fyrirtækja sífellt flóknara. „Það er bæði verið að fjölga nýjum lögum og reglum og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum. Þetta hleðst upp og vandamálið er að það er miklu hraðari fjölgun reglna heldur en að það sé verið að einfalda á móti,“ segir hún og bendir á að eldri reglur falli sjaldan niður þegar nýjar bætast við. Að sögn Ingu Helgu er vilji fyrir hendi hjá stjórnvöldum til að einfalda regluverk en breytingar gangi þó hægt. „Það er alveg ríkur vilji hjá stjórnvöldum til að einfalda en það er einhver kerfislæg tregða í gangi.“ Hún bendir á að þróunin sé ekki séríslensk heldur sjáist hún víðar í Evrópu. Regluverkið hafi á sumum sviðum orðið svo umfangsmikið og flókið að það sé farið að draga úr samkeppnishæfni ríkja í Evrópu. Inga Helga nefnir meðal annars umræðu í kjölfar svonefndrar Draghi-skýrslu, þar sem fjallað er um svokallaðan „administrative drag“, eða núning í regluverki. „Regluverkið er orðið það mikið og flókið að það getur orðið samkeppnishindrun sem dregur úr fjárfestingu og nýsköpun.“

Reglur fyrir stærri markaði

Að sögn Ingu Helgu stendur Ísland frammi fyrir ákveðinni sérstöðu vegna þátttöku í EES-samningnum. „Við erum að taka upp reglur sem eru hannaðar fyrir 450 milljóna manna markað og miklu stærra hagkerfi en Ísland.“ Hún segir að þegar reglur eru innleiddar geti stundum bæst við svokölluð „gullhúðun“, þar sem innlendar kröfur eða túlkanir geri regluverkið enn umfangsmeira. „Þá getur



Ljósmynd/BIG

Inga Helga Halldórudóttir, yfirlögfræðingur hjá fjarskiptainnviðafyrirtækinu Mílu, tók þátt í pallborðsumræðum.

„Við viljum auðvitað hagkerfi sem hreyfist – ekki hagkerfi sem situr fast í regluverki og ferlum.“

komið til aukinna krafna eða varfærnari túlkunar í framkvæmd hér heima, sem leggur aukinn kostnað á íslensk fyrirtæki en ekki á keppinauta þeirra innan EES, og getur þannig dregið úr samkeppnishæfni Íslands.“ Inga Helga segir mikilvægt að horfa betur til áhrifa nýrra reglna á atvinnulífið áður en þær eru settar. „Það þarf að staldra við og horfa á hvað reglan kostar atvinnulífið og hvernig hún samræmist því sem fyrir er.“ Hún bendir á að aukið regluverk hafi einnig í för með sér meiri skýrslugjöf og eftirlit. „Fyrirtæki eru að setja upp svokölluð „compliance“-kerfi til að geta starfað eftir þessu öllu. Það vantar heildarmat á því hvaða aðrar reglur og kvaðir eru þegar í gildi og hvaða áhrif það hefur þegar nýjar reglur bætast við.“ Að hennar sögn getur flókið regluumhverfi haft afleidd áhrif. „Þegar regluverkið verður svona yfirgripsmikið og flókið fara fleiri mál til úrskurðarnefnda og dómstóla. Það kostar fyrirtækin og samfélagið.“

Virkari þátttaka í mótun reglna

Að mati Ingu Helgu þarf Ísland að taka virkari þátt í mótun regluverks á evrópskum vettvangi áður en það er innleitt hér á landi. „Þótt við höfum ekki atkvæðisrétt hjá ESB höfum við sæti við borðið og rödd. Við getum tekið þátt í samráðinu áður en reglugerðir og tilskipanir verða fullmótaðar. Við höfum þá tækifæri til að koma að sérhagsmunum Íslands sem eyrikis og lítils hagkerfis þegar reglurnar eru mótaðar.“

Samtal við atvinnulífið lykilatriði

Inga Helga segir virkt samtal við atvinnulífið skipta miklu máli bæði við mótun, innleiðingu og endurskoðun regluverks. „Það þarf að vera samtal við atvinnulífið í öllum þessum ferlum.“ Hún segir að verkefnið við að einfalda regluverk sé umfangsmikið en hægt sé að takast á við það skref fyrir skref. „Eins og einhver sagði: Hvernig borðar maður fil? Einn bita í einu. Það sem skiptir mestu máli er heildarmat á samlegðar-áhrifum þegar nýjar reglur bætast við. Við viljum auðvitað hagkerfi sem hreyfist – ekki hagkerfi sem situr fast í regluverki og ferlum.“



Ljósmynd/BIG

Sveinn Sölvason, forstjóri Emblu Medical, sem þróar og framleiðir stoðtæki fyrir fólk með skerta hreyfigetu.

Hugvit og aðlögunarhæfni mikilvægari en nokkru sinni fyrr

Sveinn Sölvason segir alþjóðlegt rekstrarumhverfi hafa breyst hratt og að fyrirtæki þurfi að aðlagast nýjum veruleika.

Alþjóðlegt rekstrarumhverfi fyrirtækja hefur orðið sífellt flóknara á undanförunum árum og breytingar verið hraðar. Stríðsátök, geópólítísk spennna og breyttar viðskipta-reglur hafa meðal annars haft áhrif á starfsemi fyrirtækja á alþjóðamörkuðum. Þetta segir Sveinn Sölvason, forstjóri Emblu Medical, sem fjallaði um stöðuna í erindi á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins 5. mars.

Í erindi sínu fór hann meðal annars yfir þróunina, hvernig breytingar í ytra umhverfi hafa haft áhrif á rekstur fyrirtækisins og hvaða lærdóm megi af því draga fyrir íslenskt atvinnulíf. Hann ræddi einnig stöðu hugverkaiðnaðar á Íslandi og mikilvægi þess að efla þann hluta hagkerfisins til framtíðar.

„Ytra umhverfið hefur breyst ótrúlega mikið á síðustu árum,“ segir Sveinn og bendir á að stríðsátök hafi meðal annars bein áhrif á starfsemi fyrirtækisins, bæði hvað varðar eftirspurn og fjármögnunarumhverfi. „Flest ríki eru að setja meiri peninga í varnarmál og þar af leiðandi minni fjármuni í aðra málaflokka, eins og til dæmis heilbrigðiskerfi. Það hefur óhjákvæmileg áhrif á fyrirtæki eins og okkar.“

Emblu Medical er móðurfélag Össurar, stofnað á Íslandi árið 1971. Fyrirtækið er með starfsemi í um 40 löndum og 4.500 starfsmenn og vörur þess bæta hreyfanleika og lífsgæði þeirra sem hafa misst útlími eða getu til að nota vöðva í neðri hluta líkamans.

Tollaumhverfið kallar á aðlögun

Bandaríkin eru stærsti einstaki markaður Emblu Medical og breytingar á tollaumhverfi þar hafa haft áhrif á rekstur en fyrirtækið greiðir nú um milljarð króna á ári í tolla vegna vara sem framleiddar eru í Asíu og seldar á bandaríska markaðinum.

„Breytingar í tollaumhverfinu hafa haft mikil áhrif á okkar starfsemi. Við erum að borga um 250 milljónir króna í tolla á hverjum ársfjórðungi. Það eru um þúsund milljónir á ársgrundvelli. Þetta hefur haft heilmikil áhrif á hvernig fyrirtækið og við höfum þurft að aðlagast aðfangakeðjuna og læra að vinna í þessu nýja umhverfi.“

Sveinn segir mörg fyrirtæki þó enn bíða með stórar ákvarðanir á meðan óvissa ríkir um þróun tollamála.

„Þetta hefur verið svo sibreytilegt umhverfi að mörg fyrirtæki bíða með stórar ákvarðanir, til dæmis um hvar þau framleiða vörur sínar, þar til nýtt jafnvægi hefur myndast í þessum tollamálum.“

Sveinn bendir einnig á að sérstakt alþjóðlegt samkomulag hafi hingað til varið hluta af vörum fyrirtækisins fyrir tollum.

„Í gildi er alþjóðlegt samkomulag sem lýtur að því að vörur sem eru ætlaðar fólki með varanlega hreyfihömlun eru ekki tollaskyldar. Vörur eins og spelkur, ætlaðar til skammtímanotkunar, eru tollaskyldar og þar hafa tollarnir haft meiri áhrif.“

Vaxandi nýsköpun í Kína

Í erindi sínu fjallaði Sveinn einnig um breytta stöðu Kína í alþjóðlegum iðnaði.

„Kína hefur lengi verið sterkt framleiðsluland en hefur á síðari árum einnig byggt upp öfluga stöðu í nýsköpun og markað sér stöðu í mörgum hefðbundnum iðngreinum. Sú þróun mun halda áfram á næstu árum.“

Hann segir fyrirtæki í auknum mæli þurfa að taka mið af geópólítískum breytingum í rekstri sínum og hvernig samkeppni á mörkuðum þróast.

Tækifæri fylgja breytingum

Þrátt fyrir aukna óvissu segir Sveinn að breytingar í alþjóðlegu rekstrarumhverfi geti einnig skapað tækifæri.

„Það eru alltaf tækifæri í öllum breytingum. En fyrir fyrirtæki eins og okkar snýst þetta fyrst og fremst um að halda fókusi á því sem við getum stjórnað. Við getum ekki breytt stöðu

alþjóðaumhverfis eða tollastefnu stórvelda. Við þurfum einfaldlega að aðlagast okkur að breyttu umhverfi og halda áfram að sinna einstaklingum sem þurfa á okkar vörum að halda. Sem eitt af stærstu fyrirtækjunum í okkar iðnaði höfum við burði til að aðlagast sibreytilegu umhverfi.“

Hugverkaiðnaðurinn ótadmörkuð auðlind

Á Iðnþinginu var einnig fjallað um breytt vægi hugverkaiðnaðar í íslensku hagkerfi. Sveinn segir ákveðin tímamót felast í því að í fyrsta sinn í fyrra hafi útflutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðarins verið meiri en sjávarútvegsins.

„Það eru ákveðin tímamót að hugverkaiðnaðurinn sé nú orðinn stærri en sjávarútvegurinn þegar kemur að útflutningsverðmætum. Þetta sýnir að aðgerðir til að bæta samkeppnissskilyrði nýsköpunarfyrirtækja hafa skilað árangri.“

Sveinn segir þó að enn sé svigrúm til að gera betur.

„Við erum heppin hér á landi með að eiga miklar náttúruauðlindir: Fisk, orku, fallett land, en þetta eru í eðli sínu takmarkaðar auðlindir. Ef við ætlum að byggja upp viðnámsþrótt gagnvart breytingum á ytri aðstæðum, sem og fjármagna góð lífsgæði, þá þurfum við að vera mjög einbeitt í því að halda áfram að hlúa að samkeppnishæfu nýsköpunarumhverfi. Það er ekki sjálfgefið að alþjóðleg fyrirtæki verði til og dafni í litlu samfélagi eins og okkar. Þættir sem snúa að hugarfari og menningu marka sérstöðu þegar kemur að því að ná árangri í hugverkaiðnaði. Allt annað sem snýr að umhverfinu er í okkar höndum að breyta og þróa.

Hann segir jafnframt að sú áhersla þurfi að endurspeglast í atvinnustefnu landsins.

„Þetta þarf að vera rauði þráðurinn í nýrri atvinnustefnu Íslands.“

Mikilvægt að auka aðgengi að lausnum

Þegar horft er fram á veginn segir Sveinn eitt stærsta verkefni Emblu Medical að tryggja aðgang að þeim lausnum sem þau þróa.

„Við viljum ná til einstaklinga sem búa við skerta hreyfigetu til að bæta lífsgæði þeirra. Með auknu aðgengi að okkar lausnum gerum við fólki kleift að vera virkari þátttakendur í samfélaginu og um leið lækka kostnaður á heilbrigðiskerfi. Langstærstur hluti þeirra sem þurfa á okkar lausnum að halda hefur takmarkaðan aðgang að þeim.“

Hann segir aðgengi gott í löndum með þróuð heilbrigðiskerfi, en víða annars staðar sé staðan önnur.

„Það er í okkar höndum að tryggja að við náum til fleiri einstaklinga og við höfum sett okkur skýr vaxtarmarkmið til að mæta þeirri þörf.“

”

Það eru ákveðin tímamót að hugverkaiðnaðurinn sé nú orðinn stærri en sjávarútvegurinn þegar kemur að útflutningsverðmætum. Þetta sýnir að aðgerðir til að bæta samkeppnissskilyrði nýsköpunarfyrirtækja hafa skilað árangri.

Finum samhljóminn

Með því að stilla saman strengina getum
við skapað samhljóm um nauðsynlegar
umbætur í þágu samfélagsins alls.



Samtök
iðnaðarins



Ljósmynd/BIG

Eldur Ólafsson forstjóri Amaroq segir að Ísland standi vel að vígi í tæknibyltingunni. Hann lítur á það sem lykilatriði að tengjast Grænlandi og Færeyjum sterkari böndum.

Tveir pólar mætast á Íslandi

Að mati Elds Ólafssonar er Ísland í góðri stöðu í heimi þar sem velgengni þjóða mun byggjast á orku og málum.

eimurinn virðist vera að breytast hratt. Spenna ríkir á alþjóðavettvangi og farið er að hrikta í gömlum stöðum. Um leið fleygir tækninni svo hratt fram að sumir óttast meiri háttar umvendingu sem muni snerta alla kima atvinnulífsins.

Er nema von að fólk sé svolítið órólegt. Eldur Ólafsson, forstjóri námafyrirtækisins Amaroq, er aftur á móti brattur og bjartsýnn og bendir á að Ísland hafi alla

burði til að standa vel að vígi í þessum nýja veruleika sem er óðara að taka á sig mynd: „Við erum með tvo heima sem munu móta hagkerfið. Annars vegar er heimurinn sem byggist á tölvuskýinu; öll snjalltækin sem við notum, affreygingin og upplýsingarnar sem við sækjum. Þetta er sá heimur sem athyglin hefur verið við að undanfögnu,“ segir Eldur. „Hins vegar höfum við hinn efnislega heim, þar sem einhver þarf að fara út að bora, moka, virkja, byggja og veiða, og smíða gagnaverin sem heimurinn í tölvuskýinu reiðir sig á. Þessir heimar eru eins og tveir pólar en þeir mætast á stöðum eins og Íslandi.“

Eldur bendir á að undirstaða beggja heima sé orka og málmar: „Framtíðin mun ráðast af samkeppnishæfni okkar í tæknibyltingunni fram undan en Ísland stendur vel að vígi því við erum bæði orkubjóð og framleiðum hreinsaða málma, en þar að auki njótum við góðs af öflugum hugverkaðnaði og vestrænu lýðræðislegu stjórnfari,“ segir hann. „Í mörg ár hef ég sagt það sem nú er orðið staðreynd, að þau lönd sem búa til mikið magn ódýrrar og stöðugrar orku og geta útvegað iðnaði sínum málma eru þau lönd sem verða samkeppnishæfust.“

Stjórnvöld geta stigið fram

Undirstöðurnar eru því fyrir hendi en Eldur minnir á að árangurinn komi ekki af sjálfu sér og brýnt sé að skapa fyrirtækjum og frumkvöðlum gott rekstrarumhverfi. Í því sambandi nefnir hann að miklu skipti að reyna að halda í öflugustu fyrirtækin og fólkið sem hjá þeim starfar, og að leiðinlegt hafi verið að horfa upp á stöndug íslensk félög hverfa smám saman á braut. „Við sjáum það annars staðar á Norðurlöndunum að þar hugar pólitíkin vel að því hvaða umhverfi er hægt að skapa svo að fyrirtækin þeirra geti verið samkeppnishæf á heimsvísu. Þau fylgja fyrirtækjunum sínum vel eftir og búa þannig um að umgjörðin sé þeim sem hagfelldust. Á sama tíma er samhljómur frá þeim smæsta yfir til þess hæsta svo að út á við vinna allir að sama markmiðinu.“

Eldi þykir vert að hvetja stjórnvöld til að sitja ekki hjá þegar stöndugt fyrirtæki lendir í mótbyr því aðgerðaleyzið geti valdið efnahagslífinu tjóni til langtíma. „Gott dæmi er Marel, sem lendir á sínum tíma í einhverjum vandamálum í eigendahópnum og fer að lokum svo að reksturinn ratar í erlendar hendur. Þegar það gerðist mátti sjá fókusinn breytast og það fór að skipta minna máli fyrir samstæðuna hvort starfsemi Marels væri á Íslandi eða annars staðar. Í dag er Marel komið að stórum hluta til Bandaríkjanna og störfin á Íslandi eru hægt og rólega að fara úr landi. Nú virðast til dæmis Alvotech og deCODE glíma við áhugaleysi íslensks markaðar og stjórnvalda, og hætt við að sagan endurtaki sig að öllu óbreyttu og hvaða félög eru næst; Amaroq og Oculus?“

Að mati Elds væri ekki óeðlilegt ef stjórnvöld stigju fram þegar félög lenda í svona stöðu og skoðað yrði hvort ekki mætti leita leiða til að hjálpa. „Hver hefði útkoman verið ef, til dæmis í tilviki Marels, stjórnvöld hefðu kvatt sér hljóðs og boðið samning, með tilboði upp á lægstu mögulegu skatta næstu tíu árin, til að tryggja að starfsemin, störfin og mannaúðurinn hyrfu ekki úr landi?“

Eldur nefnir annað dæmi um hverju það getur breytt þegar hið opinbera reynir af metnaði að efla valdar atvinnugreinar. „Við höfum séð kvikmyndagerð á Íslandi stóreflast, og það er hægt að þakka það fyrst og fremst þeirri staðreynd að ákveðið var að bjóða einhverja hæstu endurgreiðslu á kostnaði sem finna má. Með því varð Ísland samkeppnisfært og eigum við í dag ofboðslega mikið af öflugum kvikmyndagerðarfólki.“

Íslenska landsliðið

Eldur gagnrýnir það líka að umræðan og afstaða fólks til mála sem varða efnahag og atvinnulíf eigi það til að hverfast um persónur og leikendur frekar en verðmætasköpun og heildarhagsmunina. Innbyrðis átök eigi það til að verða ofan á þegar stjórnkerfið, pólitíska kerfið og atvinnulífið ættu að standa saman sem ein liðsheild. „Til að geta skapað sem mest verðmæti fyrir Ísland þá verðum við að vera eins og eitt landslið. Hvað þetta snertir getum við lært af hinum Norðurlandabjóðunum þar sem hagsmunaaðilar takast á sín á milli en mynda eina heild út á við.“

”
Við þurfum að vera með samkeppnishæfa mynt og koma okkur ekki upp óþarfa hindrunum. Þetta virðist Færeyingum hafa tekist og Grænlandingum líka.

Leggur Eldur til að stefnt verði að því að þetta raðirnar og stuðla að góðu samstarfi og samhljómi þvert á stjórnsýslu, stjórnmál og atvinnulíf. „Eftir bankahrunið er eins og menn hafi orðið afskaplega hræddir við að vinna saman en fyrir vikið stöndum við verr að vígi og komum ekki jafnmiklu til leiðar.“ Þegar hann er beðinn um að lýsa þessari sýn nánar býður Eldur lesendum að ímynda sér hvað gæti gerst ef til dæmis ut-anríkisráðherra, fulltrúi SI og forsvarsmenn stóru gagnaveranna myndu snúa bókum saman og halda á fund Trumps Bandaríkjaforseta. „Hvernig væri að gera Trump tilboð um að leggja sæstreng beint á milli landanna og færa Bandaríkjastjórn Bakka til afnota? Ísland gæti boðið góða skatta, gott raforkuverð og traust rekstrarumhverfi en á móti boðið um fríverslun við Bandaríkin,“ segir hann. „Við höfum líka aðra kosti, en það er að veita svipaðar fyrirgreiðslur til Evrópu eða Asíu. Ekki má gleyma því að Ísland er með fríverslunarsamning við Kína en ekki Bandaríkin. Við þurfum að nýta okkur svona stöðu.“

Tími til að styrkja tengslin við Færeyjar og Grænland

Talandi um fríverslunarmál þá hafa samskiptin við ESB verið í deigluinni og má reikna með að komandi mánuðir verði undirlagðir af umræðu um hvort Ísland eigi að hefja aðildarviðræður að nýju. Eldur segir að óháð því hvar Ísland hafnar þá verði að forða því að landið lendi í þeirri stöðu að hafa skerta samkeppnisfærni. „Ef alþjóðahagkerfið er körfuboltavöllur þá gengur ekki að við séum að skjóta á körfu sem er minni og hærra uppi en körfurnar hjá hinum,“ segir hann. „Það ræður kannski ekki úrslitum hvort Ísland er innan eða utan ESB, eða hvort við notumst við krónu eða evru, en við þurfum samt að vera með samkeppnishæfa mynt og koma okkur ekki upp óþarfa hindrunum. Þetta virðist Færeyingum hafa tekist og Grænlandingum líka.“

Að þessu sögðu þá telur Eldur heillavænlegast fyrir Ísland að huga að því hvar mestu hagsmunir landsins liggja og hvernig þjóðin geti gert það besta í stöðunni. „Í fyrsta lagi er það lykilatriði að tengjast Grænlandi og Færeyjum sterkari böndum, til dæmis með því að búa til eitt Norður-Atlantshafsefnahagssvæði. Það styrkir rödd þessara þriggja þjóða í Norðurlandasamstarfinu en við á Norðurlöndum erum saman eitt stærsta hagkerfi í heimi, með svipaða sögu, efnahag, tungumál og stjórnkerfi,“ segir hann. „Þegar við höfum náð þessu þá þurfum við að vera í sem sterkastri efnahagslegri stöðu til að ná sem bestum samningum við aðra aðila. Þar eru þrír aðilar sem skipta okkur mestu máli: Bandaríkin, Bretland og Evrópusambandið. Við erum nú þegar með fríverslun við Kína og getum nýtt það til að knýja fram góða samninga við bæði Bandaríkin og Evrópu. Við eigum að nýta mikilvæga legu Íslands, orkuna og fólkið okkar til að ná sem bestum samningum við alla þessa aðila en ekki hengja okkur við einn. Það gerum við úr bestri stöðu verandi með yfirburðastöðu á Atlantshafinu í samlagi við Grænland og Færeyjar.“



Íris Mýrdal, Björt Ólafsdóttir, Guðlaugur Þ. Þórðarson, Steinar Ö. Jónsson og Sara L. Guðbergsdóttir.



Finnur Beck, Sigríður Mogensen og Páll Erland skemmtu sér vel á lönþingi.

Ljósmyndir/BIG



Bjarni Benediktsson
framkvæmdastjóri SA.




Árni Sigurjónsson,
fráfarandi formaður
Samtaka iðnaðarins.

Strengirnir stilltir á fjöl- mennu lönþingi

Ílönþing Samtaka iðnaðarins, sem bar yfirskriftina Finnum samhljóminn í ár, var haldið þann 5. mars í Silfurbergi í Hörpu. Þingið var sérstaklega fjölmennt í ár en það sóttu um 700 manns. Á þinginu var fjallað um stöðu Íslands og hvernig við byggjum öll okkar líf skjör á framleiðslu verðmæta. Með því að stilla saman strengi getum við skapað samhljóm um nauðsynlegar umbætur. Í kjölfarið á lönþinginu var svo haldið kokteilboði á Eyrinni sem var ekki síður fjölmennt, eins og myndirnar gefa til kynna.



Jón Ólafur Halldórsson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Benedikt Gíslason og Lilja Björk Einarsdóttir.



Bellamix sá um tónlistina á lönþingi Samtaka iðnaðarins.



Jóhanna K. Stefánsdóttir, Margrét K. Sigurðardóttir og Kristjana Arnarsdóttir.



Lilja Björk Guðmundsdóttir og Eldur Ólafsson.



Katrín Olga Jóhannesdóttir og Sveinn Sölvason.



Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri SI.



Guðriður Arnardóttir, Úlfar Biering Valsson, Sandra Hlíf Ocares, Teitur Björn Einarsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Ingólfur Bender.

Alþjóðaviðskipti reiða sig á góð tengsl við önnur ríki

Aðstoðarforstjóri Alvotech segir Ísland þurfa að byggja áfram á opnum viðskiptum, stöðugleika og sterkum tengslum við önnur ríki.

Þótt aukin spennan í alþjóðaviðskiptum hafi skapað óvissu á mörkuðum telur Tanya Zharov aðstoðarforstjóri Alvotech að breytingarnar geti einnig falið í sér ný tækifæri fyrir lítil og sveigjanleg hagkerfi eins og Ísland.

„Við höfum áður séð tímabil þar sem alþjóðlegt viðskiptaumhverfi breytist hratt. Slíkar breytingar fela bæði í sér áskoranir og tækifæri. Við ættum að setja í forgang að efla samkeppnishæfni útflutningsgreinanna og rækta tengsl okkar við ríki bæði vestan hafs og austan og í raun um allan heim,“ segir hún. Að hennar mati er lykilatriði að Ísland haldi áfram að byggja á þeim styrkleikum sem hafa einkennt íslenskt efnahagslíf: opnum viðskiptum, stöðugleika og góðum tengslum við önnur ríki.

Tanya gekk til liðs við Alvotech fyrir tæplega sex árum en starfaði áður hjá Íslenskri erfðagreiningu. Hún segir að á síðustu árum hafi viðskipti, öryggismál og geópolítik fléttast meira saman en áður. Slíkar breytingar geti haft áhrif á lítil hagkerfi sem treysta á alþjóðleg viðskipti.

„Ísland er lítið og opið hagkerfi og því skiptir miklu máli að við stöndum saman út á við, höfum skýra sýn á okkar eigin hagsmuni og ræktum tengsl við önnur ríki. Við þurfum að rækta traust viðskiptasambönd og tryggja að rödd okkar heyrst þegar ákvarðanir sem hafa áhrif á okkur eru teknar.“

Umræða um aukna tollastefnu og verndarstefnu í sumum ríkjum hefur vakið spurningar um áhrif á útflutningsfyrirtæki. Tanya bendir þó á að lyf hafi sögulega verið undanþegin tollum og viðskiptahindrunum og það eigi enn við.

Alvotech framleiðir líftækniliðstæður sem eru ódýrari út-



Ljósmynd/BIG

Tanya Zharov aðstoðarforstjóri Alvotech var með tölu á lönþingi og sagði nauðsynlegt að rækta traust viðskiptasambönd og tryggja að rödd Íslands heyrst.

”
Við þurfum að rækta traust viðskiptasambönd og tryggja að rödd okkar heyrst þegar ákvarðanir sem hafa áhrif á okkur eru teknar.

gáfur frumlyfja og stuðla að aukinni samkeppni á lyfjamarkaði. Slík lyf gegni mikilvægu hlutverki í heilbrigðiskerfum víða um heim þar sem þau auki aðgengi sjúklinga að meðferð og hjálpi til við að halda lyfjakostnaði í skefjum.

Mikilvægt að rækta alþjóðleg tengsl

Fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum þurfa stöðugt að laga sig að breyttum aðstæðum. Bandaríkin eru lykilmarkaður fyrir fyrirtækið og segir Tanya að árangur þar byggist fyrst og fremst á gæðum, traustum viðskiptasamböndum og því að uppfylla kröfur regluverks.

Að hennar mati hefur Ísland mikil tækifæri í alþjóðlegri samkeppni um hæft starfsfólk og fjármagn. Pólítískur stöðugleiki, sérþekking og mikil lífsgæði geti skipt miklu máli þegar fólk velur sér stað til að búa og starfa. Alvotech sé skýrt dæmi um hvernig hægt sé að byggja upp nýjan útflutningsiðnað á Íslandi. Fyrirtækið keppti á alþjóðlegum markaði við stærstu lyfjafyrirtæki heims og hafi laðað að sér fjölda erlendra sérfræðinga sem hafa flust til landsins.

„Við stöndum auðvitað frammi fyrir ýmsum verkefnum, meðal annars hvað viðkemur innviðum og þjónustu. En þetta eru áskoranir sem samfélagið hefur áður tekist á við og ég er sannfærð um að við munum gera það áfram,“ segir Tanya Zharov.

KOMIN MEÐ NÓG AF HOLUM?

ASPHALT BIO50

Viðgerðarefni fyrir holur í malbiki, tilbúið til notkunar.

Mest notaða viðgerðarefni fyrir holur í malbiki á Norðurlöndum!



Einungis
fáanlegt í
Múrbúðinni

MÚRBÚÐIN



MALBIKUNARSTÖÐIN

HÖFÐI

Brautryðjendur í byggingum




Alhliða ráðgjöf á öllum stigum framkvæmda

Verkefna- og hönnunarstjórnun

Umsjón og eftirlit

Byggingarstjórnun

Ráðgjöf



JTV ehf. | Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi | jtv@jtv.is | s. 519 3220